



## Sælir foreldrar

Nýlega lauk fyrirlögn foreldrakönnunar Skólapúlsins og við þökkum ykkur sem lentuð í úrtaki kærlega fyrir þátttökuna. Við hér í skólanum höfum nú fengið niðurstöður og erum að greina þær. Eitt af því sem fram kemur í þessum niðurstöðum er það að foreldrar 14 nemenda telja að barnið sitt hafi orðið fyrir einelti á skólaárinu og eins er óánægja með úrvinnsluhraða eineltismála. Þetta eru mjög háar tölur og við erum hugsfi yfir þeim. Nú nýlega fengum við niðurstöður eineltiskönnunar sem lögð er fyrir nemendur 5.-10. bekkjar árlega og þar voru allt aðrar tölur sem komu fram og einelti í skólanum mældist töluvert undir landsmeðaltali. Í þeirri könnun voru fjórir nemendur sem töldu sig hafa orðið fyrir einelti á skólaárinu og hefur verið unnið í öllum þeim málum.

Við skólann starfar eineltisteymi sem hefur tekið fljótt á öllum þeim málum sem inn á borð þeirra hafa komið og unnið þau mál farsællaga. Því veltum við fyrir okkur hvers vegna þessar tvær kannanir sýna svona gjörólíkar niðurstöður. Ein skýringin gæti verið sú að eineltiskönnunin nær eingöngu til nemenda í 5.-10. bekk og því vantar inn í hana nemendur 1.-4. bekkjar. Það útskýrir samt ekki þennan mikla mun. Eineltisteymið sendi í skólabyrjun upplýsingar á alla foreldra um starf teymisins og eins fór teymið í alla bekk skólans til að kynna sig og segja frá teyminu. Einnig hefur teymið nýlega kynnt niðurstöður eineltiskönnunarinnar í bekkjum skólans.

Við hér í skólanum munum að sjálfsögðu halda áfram að vera vakandi fyrir einelti og bregðast við ef grunur um slíkt kemur upp, eins og við höfum gert hingað til. En til þess að bregðast við eineltismálum þurfum við að fá vitneskju og því hvetjum við þá foreldra sem telja að barnið sitt verði fyrir einelti hér í skólanum að hafa samband við okkur svo hægt sé að skoða þau mál. Hér í viðhengi eru vinnureglur eineltisteymisins sem við hvetjum ykkur til að kynna ykkur.

Vellíðan og velferð nemenda er okkur öllum mikilvæg og því er nauðsynlegt að skóli og heimili eigi í góðri samvinnu um þessi mál

Kveðja

Stjórnendur og eineltisteymi Grunnskóla Fjallabyggðar